



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. maí 2008

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. Málsnr. 535.**

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda.

ÖBÍ lýsir yfir ánægju sinni með framkomna tillögu, þar sem lögð er áhersla á, að þeir sem flytja hingað til lands njóti sömu mannréttinda og aðrir landsmenn. Jafnframt er mjög jákvætt, að unnið skuli markvisst að því, að innflytjendur aðlagist aðstæðum hér á landi eins vel og hægt er.


Í þessu sambandi vill ÖBÍ leggja áherslu á, að aðlögun innflytjenda að samfélaginu sé óháð því, hvort fólk sé með einhvers konar fötlun. Huga þarf markvisst að því, að þær stofnanir sem veita innflytjendum þjónustu og upplýsingar um þau mál, sem koma fram í tillögunni, séu aðgengilegar fötluðu fólki eins og fram kemur í **Sáttmála sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun**, sem Ísland undirritaði árið 2007. Í lið 1. í 9. gr. sáttmálans sem fjallar um aðgengi segir eftirfarandi:

*„Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðum kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í mannlífinu á öllum sviðum, þ.e. ráðstafanir sem miða að því að tryggja fötluðum aðgang, til jafns við aðra, að hinu efnislega umhverfi, að samgöngum, að upplýsingum og samskiptum, þ.m.t. upplýsinga- og samskiptatækni og kerfum þar að lútandi, og að annarri aðstöðu og þjónustu sem almennungi er opin eða látin í te, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Fyrirnefndar ráðstafanir, sem felast m.a. í því að staðreyna og ryðja úr vegi hindrunum og tálum sem hefta aðgengi, skulu meðal annars ná til:*

*a) bygginga, vega, samgangna og annarrar aðstöðu innan dyra sem utan...“*

Þá segir í sáttmálanum, að með aðgengi sé átt við aðgengi, m.a. að og í byggingum, fyrir hreyfihamlaða og sjónskerta og jafnframt aðgengi að upplýsingum s.s. túlkþjónustu fyrir heyrnarskerta og rafrænum upplýsingum, sem taka mið af þörfum fatlaðra frá öllum hliðum.

Virðingarfyllt,  
f.h. ÖBÍ,

  
Alja Þorgeirsdóttir,  
framkvæmdastjóri.